

# Naturen

“Náttúran”

Höfundur texta og mynda: Emma Adbåge (SV)  
Rabén & Sjögren, 2020  
Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2022.

Söguþráður: Íbúarnir í litlum bæ reyna að stjórna Náttúrunni. En er það hægt í alvöru?

Efnisorð: náttúra, tilvera, ábyrgð, líf, daglegt líf, lífskraftur, þróun, breyting, árstíðir

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðaðu myndirnar með barninu. Hvaða árstíðir eru á myndunum? Hvað er hægt að gera á hverri árstíð? Hvað er best við hverja árstíð?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hvaða árstíð heldur þú upp á og hvers vegna?
3. Skoðaðu fremstu og öftustu opnu bókarinnar og berðu þær saman. Sérðu mun á þeim, hvernig þá?
4. Hvers vegna heldurðu að fólk vilji ráða yfir Náttúrunni? Getur fólk það?
5. Farðu út í náttúruna og finndu hluti sem eru dæmigerðir fyrir þá árstíð sem er núna. Taktu hlutina með þér inn og lýstu því hvernig þeir líta út, hvernig er að koma við þá, lyktinni af þeim og hvernig þeir eru á bragðið.

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Í bókinni fer fram barátta milli fólks og Náttúrunnar. Finnið dæmi um þetta og ræðið! Hvers vegna heldurðu að Náttúran sigri að lokum?
2. Gerið saman klippimynd um árstíðirnar. Hlustið á tónverkið Árstíðirnar eftir Vivaldi meðan þið búið til myndina.
3. Skoðið myndirnar. Hvað hefur Náttúran gert, hvað hefur fólk gert?



ISBN 978-952-7490-43-3

4. Skoðið textann. Skrifðu orð úr bókinni og andheiti þeirra á töfluna. Eru andheiti í bókinni?

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Af hverju heldurðu að Náttúran sé skrifuð með stórum staf í bók Emmu Adbåge?
3. Reyndu að átta þig á þremur atriðum um flauelsblóm. Hvers vegna heldurðu að flauelsblómið sé svona algengt í bókinni?
3. Hvernig skemmir fólk í bókinni Náttúruna?
4. Lestu aftur textann á fremstu og öftustu blaðsíðu bókarinnar. Hver er munurinn á textunum?
5. Ímyndaðu þér að Náttúran sé vara sem þú eigir að selja. Búðu til auglýsingu eða auglýsingamynd um Náttúruna.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Mitt bottenliv: av en ensam axolotl. Höfundur: Linda Bondestam

Om du möter en björn. Höfundar: Malin Kivelä, Martin Glaz Serup og Linda Bondestam.

MÁLAMOLI:

## "Náttúra"

sænska

Natur

danska

Natur

norska

Natur

íslenska

Náttúra

færeyska

Náttúra

grænlenka

Pinngortitaq

finnska

Luonto

norðursamíska

Luondu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)